

NEÐANMÁLS

HALLDÓR BALDURSSON

TÝR



Hjartaflökt hagkerfis

Þeir kjarasamningar sem skrifað verður undir á árinu munu skipta miklu máli fyrir framgang efnahagsmála á Íslandi næstu misserin. Það eru engin ný sannindi að launahækkanir umfram verðbólgu og framleiðniaukningu leiða óhjákvæmilega til meiri verðbólgu í framtíðinni og svo gengisfalls krónunnar. Þetta er þróun sem Íslendingar þekkja mætavel og raunar svo vel að nánast má kalla þessar reglulegu sveiflur hjartslátt íslenska hagkerfisins. Væri hagkerfi okkar mennskt væri fyrir löngu búið að græða í það gangráð, enda er þetta hagræna flökt ekki hollt.

★ ★ ★

Týr er ekki alltaf sammála Þorsteini Pálssyni, einkum þegar kemur að alþjóðamálum, en hann kemst mjög vel að orði í pistli sem hann skrifaði á dögnum.

★ ★ ★

„Launaleiðréttingar eru í eðli sínu allt annar hlutur [en launabætur] þó að gert sé út um þær í kjarasamningum. Þær eru sjaldnast ákveðnar í einhverjum tengslum við efnahagslegar framfarir. Þeim eru því lítil takmörk sett í sjálfu sér. Hækkna má laun við einn starfshóp í krónum talið til jafns við annan heima eða erlendis nokkurn veginn að vild. Verðgildi hverskrónu minnkar bara.

★ ★ ★

Með ákveðinni einföldun má segja að munurinn á launabót og launaleiðréttingu sé að launabótina greiða fyrirtækin á grundvelli framleiðniaukningar en launaleiðréttinguna borga launamenn oftast nær úr eigin vasa í gegnum verðbólgu,” segir Þorsteinn.

★ ★ ★

Þetta er hárrétt hjá Þorsteini. Laun hækkuðu almennt um 6% að nafnvirði í fyrra á meðan verðbólga var um 1%. Framleiðniaukning var langt frá því að nema 5% og því voru launahækkanir í fyrra umfram það sem hagkerfið þólf til lengri tíma. Ekki er hins vegar að sjá að talsmenn launþega hafi meðtekið þetta og ætla að gera kröfur um ennþá rýmir launahækkanir í næstu samningum. Gangi það eftir er nær öruggt að verðbólga muni aukast, Seðlabankinn muni aftur hækka stýrivexti sína og að sagan frá árinu 2011 verði endurtekin.

★ ★ ★

Oft er talað um að Íslendingar eigi að læra hitt og þetta af hrúninu. Við virðumst hins vegar ætla að falla einu sinni enn í Verðbólgu 101.



SKOÐUN

Stjórnarhættir hluti af skráningarferlinu

HARALDUR I. BIRGISSON



PÉTUR STEINN GUÐMUNDSSON



Síðustu ár hefur fjölgað í hópi fyrirtækja sem undirgangast sérstaka úttekt á stjórnarháttum sínum, þar sem metið er hvernig stjórnendur þeirra fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Úttektin var upphaflega kynnt í byrjun árs 2011 af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins, NASDAQ OMX Iceland og Rannsóknarmiðstöð um stjórnarhætti.

Stórt „hagkerfi“ fyrirmyndarfyrirtækja

Á þessum tæpu 4 árum hafa 14 fyrirtæki lokið úttektarferlinu og fengið fyrir það viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum. Sum þeirra hafa klárað ferlið oftast en einu sinni til að viðhalda viðurkenningunni. Þá eru fleiri fyrirtæki í ferli og því viðbúið að það fjölgi í hópi fyrirmyndarfyrirtækja á næstu misserum.

Þótt ávallt megi gera betur þá verður ekki framhjá því lítið að efnahagslegt umfang þessara 14 fyrirtækja er verulegt. Samkvæmt grófri samantekt má áætla að „hagkerfi“ fyrirmyndarfyrirtækjanna velti hátt í 400 mö. kr., spanni eignir uppá ríflega 2.300 ma. kr. og að þar starfi um 6.000 starfsmenn. Framlag fyrirtækjanna til þessara þátta er vissulega misjafnt en þessi samantekt endurspeglar hversu vel hefur tekist til á ekki lengri tíma.

Einfalt en ítarlegt ferli

Eins og kemur fram í matsferlinu þá nýtir fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum sér góða stjórnarhætti sem tæki til að efla skilvirkni og ákvarðanatöku stjórnar og framkvæmdastjóra. Þá vill fyrirmyndarfyrirtæki jafnframt skapa trúverðulega gagnvart hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum með því að sýna að það sé til fyrirmyndar, hvað varðar góða stjórnarhætti.

Þrátt fyrir yfirgripsmikil markmið og að matið spanni alla helstu þætti stjórnarhátta þá er ferlið í raun tiltölulega einfalt. Er þar horft á fimm meginþætti, þ.e. hlutverk, verkefni, skipulag og starfshætti stjórnar auk þess sem stjórnarmenn eru sjálfir metnir. Þá er ferlið tvískipt þannig að annars vegar framkvæmir stjórn svokallað sjálfsmat og hins vegar eru fengnir

“

Samkvæmt grófri samantekt má áætla að „hagkerfi“ fyrirmyndarfyrirtækjanna velti hátt í 400 mö. kr., spanni eignir uppá ríflega 2.300 ma. kr. og að þar starfi um 6.000 starfsmenn.

óháðir utanaðkomandi úttektaraðilar sem hafa hlotið viðurkenningu til verksins – Deloitte er einn þeirra aðila.

Ætti að vera hluti af skráningarferlinu

Þrátt fyrir að henta fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum er úttektarferlinu og leiðbeiningum um góða stjórnarhætti sérstak-

lega beint til stærri fyrirtækja og þá svokallaðra eininga tengdra almannahagsmunum. Undir þann flokk falla skráð fyrirtæki, lífeyrisjóðir, lánastofnanir og váttryggingarfyrirtæki. Það er ekki að ósekju enda eru áhrif þessara fyrirtækja í hagkerfinu alla jafna talin töluvert meiri en annarra.

Síðustu ár hefur fjölgað talsvert í hópi fyrstnefndu fyrirtækjanna en átta fyrirtæki hafa verið skráð í Kauphöllina frá árinu 2011. Þá hafa fleiri fyrirtæki lýst áhuga á skráningu og því fyrirséð að umfang skráðra fyrirtækja muni vaxa í náninni framtíð, en undir lok síðasta árs nam markaðsvirði skráðra fyrirtækja tæplega 700 mö. kr. eða um 37% af landsframleiðslu.

Það væri því ekki úr vegi að úttekt á stjórnarháttum væri árlegur liður hjá skráðum fyrirtækjum, enda myndu þau með því sýna mikilvægt fordæmi. Eins liggur beint við að fyrirtæki sem stefna á skráningu geri slíkt hið sama í aðdraganda skráningar. Þó svo að flækjustig skráningar sé eflaust nægjanlegt þá er úttektarferlið tiltölulega einfalt, það snýr að kjarna fyrirtækjanna, eykur gagnsæi gagnvart lykilhagsmunaaðilum þeirra – hluthöfum – og tekur skamman tíma í undirbúningsferlinu.

Höfundar eru lögfræðingar á skatta- og lögfræðisviði Deloitte.